


**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/569**  
**komudagur 30.11.2007**



Alþingi - Allsherjarnefnd  
Selma Hafliðadóttir,  
nefndarritari  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 28. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071100103/hj


### **Frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög**


Umhverfisstofnun hefur borist beiðni yðar um umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög. Í frumvarpinu er lagt til að löggin verði felld að þegar gerðum breytingum og ennfremur er fjallað um atriði sem tengjast tekjuöflun.

Umhverfisstofnun telur það mjög jákvætt að samræma neyðarsvörun í þeim tilgangi að hafa slíka þjónustu skilvirka og örugga.

Það er skilningur stofnunarinnar að þessi neyðarsvörun nái m.a. til mengunaróhappa og annars sem getur ógnað umhverfinu á landi þar sem slökkvilið er viðbragðsaðili, í samræmi við lög nr. 75/2000 um brunavarnir. Jafnframt að framangreint frumvarp breyti ekki því að tilkynningar um bráðamengun og óhöpp á sjó fari áfram í gegnum vaktstöð siglinga en þar Umhverfisstofnun skilgreindur sem viðbragðsaðili samkvæmt lögum nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við frumvarpið

Virðingarfyllt

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

  
Kristin Linda Árnadóttir  
Lögfræðingur